

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 4/2006**

**frá 27. janúar 2006**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2005 frá 21. október 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1646/2004 frá 20. september 2004 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 374, 22.12.2004, bls. 76.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32004 R 1646**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1646/2004 frá 20. september 2004 (Stjtið. ESB L 296, 21.9.2004, bls. 5), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 374, 22.12.2004, bls. 76.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1646/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 374, 22.12.2004, bls. 76, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 14, 19.1.2006, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 4, 19.1.2006, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 296, 21.9.2004, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.